

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980-2000.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 30. júní 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980 - 2000.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Stofnanasvæði á fyllingu í sjó vestan við Langeyrarveg verður tjörn.
- Verslunarsvæði á fyllingu í sjó vestan við Langeyrarveg verður tjörn.
- Íbúðasvæði nr. 1 í gildandi skipulagi byggist styttra til suðurs.
- Íbúðarsvæði nr. 2-10 í gildandi skipulagi milli Eyrarflatar og Fjarðarár, Langeyrarvegur og fjalls breytast í almenn útivistarsvæði.
- Auðar lóðir við Suðurgötu og Laugarveg sem ekki hefur mátt byggja en Strengsgilsgarður mun skýla verða íbúðalóðir.
- Byggðir verða til varnar snjóflóðum tveir háir leiðigarðar á opnu almennum útivistarsvæði ofan við byggðina niður að Jörundarskál og Strengsgili.
- Mynduð verða dalverpi í landið sunnan við leiðigarðana sem opið almennt útivistarsvæði, farvegir snjóflóðanna.
- Sett verða ákvæði í lögreglusamþykkt Siglufjarðar um umferð á almennum útivistarsvæðum á snjóflóðasvæðum skv. breytingartillögunni.
- Leiksvæði á Langeyrarsvæðinu verða almenn útivistarsvæði.
- Kirkjugarður vestan Suðurgötu upp af Langeyri, verður almennt útivistarsvæði.
- Næst vestan við Langeyrarveg milli Eyrarflatar og Langeyrar og sunnan við Langeyri verða tvær tjarnir.
- Fjarðargata milli Norðurtúns og hesthúsasvæðis breytist úr safngötu og verður malarborinn sumarvegur að útivistarsvæðum.
- Lagnaleið fyrir ofan byggðina breytist í almennt útivistarsvæði, þar sem lagnir eru lagðar í jörð.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt breytinguna og mælir með staðfestingu hennar.

Umhverfisráðuneytinu, 30. júní 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

2. júlí 1998

Nr. 416

AUGLÝSING

um samþykkt deiliskipulag í Dalsmynni í Biskupstungum.

Sveitarstjórn Biskupstungnahrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir sumarhúsabyggð í Dalsmynni í Biskupstungum, dags. í febrúar 1998.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 með síðari breytingum. Skipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Oddviti Biskupstungnahrepps, 2. júlí 1998.

Sveinn A. Sæland.